

## Re: Vegir í náttúru Íslands - Grímsnes- og Grafningshreppur - beiðni um umsögn

Búið til	13.5.2022 10:03:39
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	13.5.2022 10:03:34
Tilheyrir	202205-0003 - Vegir í náttúru Íslands - Grímsnes- og Grafningshreppur - beiðni um umsögn

### Efni

Re: Vegir í náttúru Íslands - Grímsnes- og Grafningshreppur - beiðni um umsögn

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	13.5.2022 10:03:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	vigfus@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202205-0003 (SS).

Vísað er til tölvupósts, dags. 3. maí 2022, frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vegaskrá í Grímsnes- og Grafningshreppi. Jafnframt er óskað eftir staðfestingu um hvort fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar um heildarendurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps standi enn.

Náttúrufræðistofnun telur að sýna þurfi á skýrari hátt á kortinu hvaða vegir falla undir mismunandi flokka skv. reglugerð 260/2018. Erfitt er að leggja mat á stöðu mismunandi vega án þeirra upplýsinga og telur Náttúrufræðistofnun sig því ekki geta veitt umsögn um vegaskrána eins og hún er lögð fram.

Tekið hefur verið tillit til nokkurra ábendinga Náttúrufræðistofnunar úr umsögn stofnunarinnar um endurskoðun aðalskipulagsins t.d. bætt við umfjöllun um tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár og leiðrétt villa á uppdrætti. Fyrri umsögn stofnunarinnar á þó að fullu enn við enda að stærstum hluta um ýmsar almennar ábendingar að ræða t.d. ábendingar um mikilvægi þess að vernda tilteknar náttúruminjar, búsvæði fugla, umfjöllun um merk jarðminjasvæði o.fl.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 10. september 2021, stendur því enn að mati stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.      www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Vigfús Þór Hróbjartsson" <vigfus@utu.is>

**To:** "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Info - VATN" <info@vjp.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "saf@saf.is" <saf@saf.is>; "Landmælingar Íslands - LMI" <lmi@lmi.is>; "bondi@bondi.is" <bondi@bondi.is>; "natturuvernd@natturuvernd.is" <natturuvernd@natturuvernd.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>

**CC:** "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Upplýsingar - Ferðamálastofa" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>; "Magnús Guðmundsson - vatn" <magnus.gudmundsson@vjp.is>; "kristinnp@mos.is" <kristinnp@mos.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "Forsætisráðuneytið" <for@for.is>

**Subject:** Vegir í náttúru Íslands - Grímsnes- og Grafningshreppur - beiðni um umsögn

**Date:** 3.5.2022 13:08:27

Góðan daginn, aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps lauk í auglýsingu nú nýverið og má nálgast kynningargögn skipulagsins hér Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 (arcgis.com) (<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/MapSeries/index.html?appid=3f293914d97b4b8ba0f34c25ceb89e96>). Meðfylgjandi auglýstu aðalskipulagi var fjallað um vegi í náttúru Íslands. Ekki eru um marga vegi að ræða innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps en er hér með óskað eftir umsögn við framlagt skjal sem er meðfylgjandi í þessum pósti.

Þar sem nú stendur yfir vinna við yfirferð umsagna og athugasemda er óskað eftir því að umsagnir vegna málsins berist embættinu eins fljótt og auðið er, gert er ráð fyrir að tillagan verði til umfjöllunar eftir auglýsingu á fundi sveitarstjórnar í júní.

Send var út beiðni þann 8. Apríl um staðfestingu á að fyrri umsagnir vegna heildar endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins stæði og/eða að veitt væri ný umsögn við auglýst aðalskipulag. Er þess farið á leit að þeirri beiðni verði svarað eigi síðar en 13.maí næstkomandi hafi henni ekki verið svarað nú þegar.

Bestu kveðjur,

Vígfús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi

Dalbraut 12

840 Laugarvatn

Sími: 4805550

[www.utu.is](http://www.utu.is)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)